

Organleikari Jón Stefánsson, prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson. Sóknarnefndin.

NESKIRKJA: Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15.00. Gils Guðmundsson rit höfundur les úr verkum sínum. Sr. Guðmundur Oskar Ólafsson. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11.00. Sr. Frank M. Halldórsson. Bibliudagurinn: Guðspjónusta kl. 14.00 í umsjá sr. Olafs Jóhannssonar skóluprests. Organleikari og kórstjóri Reynir Jónsson. Sr. Guðmundur Oskar Ólafsson. Mánudagur: Æskulýðsfundur kl. 20.00. Miðvikudagur: Fyrirbænaessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Oskar Ólafsson.

SELJASÖKN: Barnaguðspjónusta Olduselskóla kl. 10.30. Barnaguðspjónusta í íþróttahúsi Seljaskólans kl. 10.30. Guðspjónusta Olduselskóla kl. 14.00. Einsöngur Gunnar Guðbjörnsson. Altarisganga. Þriðjudagur 28. febr.: Æskulýðsfundur kl. 20.00 Tindaseli 3. Föstudagur 2. mars: Fyrirbænaessamvera Tindaseli 3 kl. 20.30. Sóknarprestur.

SELTJARNARNESÖKN: Barnasamkoma í sal Tónlistarskólans kl. 11.00. Sr. Guðmundur Oskar Ólafsson.

FRIKIRKJAN I HAFNARFIRÐI: Kl. 10.30 barnastundin. Kl. 14.00 guðspjónusta. Tekið á móti framlögum til Bibliufélagsins. Eftir messu verður fundur með vorfermingarbörnum og foreldrum þeirra. Sævar Guðbergsson félagsráðgjafi ræðir „foreldravandamálið“. Safnaðarstjórn.

HAFNARFJARDARKIRKJA: Sunnudagaskóli kl. 10.30. Guðspjónusta kl. 14.00. Sóknarprestur.

Leiklist



Síðustu sýningar á „Jakob og meistaranum“ hjá Stúdentaleikhúsinu


Nú um þessa helgi mun Stúdentaleikhúsið reka smíðshöggjö á kröttuga starfsemi sína í Tjarnarbæ í vetur. Þá verða tvær allra síðustu sýningar á „Jakob og meistaranum“ eftir Milan Kundera í leikstjórn Sigurðar Pálssonar. Fyrri sýningin verður miðnætursýning föstudaginn 24. febr. kl. 23.30 en sú seinmi mánudaginn 27. febr. kl. 20.30.

Þetta verða 11. og 12. sýningar á gleðileik Kundera sem hann samdi til heiðurs skáldsögu Diderot, „Jakob örlagatrúar“.

Stúdentaleikhúsið hvetur alla velunnara sína til að fjölmenna nú í Tjarnarbæ en aðsókn hefur verið með lakara móti. Það skal tekið fram að ekki verða fleiri sýningar á leikritinu.

Stúdentaleikhúsið mun nú flytja þunga-

Hvað er á seyði um helgina



Hringur sýnir í tveim sölum í einu

Hinn góðkunnli listmálari, Hringur Jóhannesson, opnar á laugardaginn þá stærstu málverkasýningu sem hann hefur haldið til þessa. Raunar má segja að þarna sé um tvær sýningar að ræða því að önnur þeirra er á Kjarvalsstöðum en hin í Asmundarsal. Munu verk hans á þessum tveim sýningum vera um 140 talsins.

Hringur hefur ekki haldið einkasýningu hér síðan 1980, en þá sýndi hann í Norræna húsinu. Eru verkin, sem hann sýnir núna, öll gerð síðan þá.

Hringur sagði að hann hefði ákveðið að hafa sýningu sína í tveim sölum að þessu sinni vegna þess að sér fyndist olíupastel ekki passa með olíumálverkum. Pastelmyndir hans eru allar til sýnis í Asmundarsal en hinar á Kjarvalsstöðum.

Verður sýning hans á Kjarvalsstöðum opnuð kl. 14 á laugardaginn en sýningin í Asmundarsal tveim klukkustundum síðar.

Barnaleikhúsið Tinna:

Frum-sýnir „Nátttröllið“ í Tjarnarbiói á sunnudag

Barnaleikhúsið Tinna frumsýnir leikritið „Nátttröllið“ eftir Ragnheiði Jónsdóttur, sunnudaginn 26. febrúar kl. 15 í Tjarnarbiói. Miðasala í Tjarnarbiói á sunnudag frá kl. 13.

Nánari upplýsingar og miðapantanir í síma 13757. Ókeypis aðgangur fyrir fullorðna, vægt gjald fyrir börn.



Alls taka um 20 börn þátt í sýningunni en aðalhlutverk eru um níu talsins.

Framkvæmdastjóri Barnaleikhússins er Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Hvað er á seyði um helgina



Golfhátíð í Broadway

Í tilefni af 20 ára afmæli Golfklúbbs Ness, sem er um þessar mundir, verður haldin mikil golfhátíð í veitingahúsinu Broadway á sunnudaginn kemur. Hefst hún kl. 15.00 og mun standa fram eftir degi og kvöldi. Er hátíð þessi opin öllum kyflingum svo og öðrum, sem áhuga hafa, en þarna verður ýmislegt til skemmtunar.

Meðal þess er 18 holu þúttkeppni eða „mini-golf“ á sérstökum brautum sem lagðar verða um allt veitingahúsið. Geti allir tekið þátt í þeirri keppni eins og þeir best þekja sem tekið hafa þátt í „mini-golfi“ hér á landi eða erlendis.

Glæsileg verðlaun eru í boði í keppninni. Fyrstu verðlaunin eru t.d. utanlandsferð á vegum Samvinnuferða og önnur verðlaun, sem veitt verða, eru eiginlegir hlutir.

Nýjar golfmyndir verða sýndar á tveim til þrem stöðum í húsinu og fyrirtæki munu kynna golfvörur og annað. Ýmislegt annað verður á boðstólum á þessari golfhátíð sem hefst eins og fyrr segir kl. 15 á sunnudaginn.

Keppendum í þúttmótinu er bent á að hafa með sér sinn eigin þútt og kúlu-eða kúlur, ef þeir skyldu týna á vellinum — en eitthvað mun þó verða til leigu af slíkum verkfærum á staðnum fyrir gestina.

Opið um helgina

KLÚBBURINN

miðu starfsemi sinnar í Félagsstofnun stúdenta, sjá auglýsingar og fréttatilkynningar þar að lútandi.

Leikfélag Akureyrar sýnir „Súkkulaði handa Silju“

Um síðustu helgi frumsýndi L.A. leikritið „Súkkulaði handa Silju“ eftir Ninu Björk Árnadóttur í Sjallanum, Akureyri. Höfundur hefur breytt líkhúsinu að nokkru frá því það var sýnt í Þjóðleikhúsinu, í samráði við leikstjórnann, Hauk Gunnarsson. Guðrún Sigríður Haraldsdóttir hannaði leikmynd og búninga og nýtir sér innvið Sjallans þar sem leikurinn



gerist að nokkru á skemmtistað. Viðar Garðarsson hannaði lýsingu og tónlistin sem

er eftir Egil Ólafsson er flutt af Ingu og Ingimar Eydal. Níu leikarar eru í sýningunni og leika þar Sunna Borg og Guðlaug María Bjarnadóttir aðalhlutverkin, mæðgurnar Önnu og Silju. Sjallinn býður upp á sérstakan leikhúsmatseðill á hagstæðu verði fyrir sýninguna og aðrar veitingar. 4. sýning á Súkkulaði handa Silju er á sunnudagskvöld. Á föstudags- og laugardagskvöld verða líklega síðustu sýningar á My fair lady sem sýndur hefur verið fyrir fullu húsi síðan í október sl. Verða þetta 50. og 51. sýning á leiknum sem fyrir löngu hefur slegið öll sýningarmet norðan heiða. Flugleiðir og ferðaskrifstofurnar eru með leikhúspakka til Akureyrar sem margir hafa notfært sér í vetur.

Risinn draumleyni, bæði eftir Helgu Stefensen.

Þær Bryndís Gunnarsdóttir, Hallveig Thorlacius og Helga gera brúður og leikmyndir en leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson. Brúðustjórn annast þær stóllur í Leikbrúðulandi ásamt Þórhalli.



Aukasýning á Forsetaheimsókninni, Gísl, Guð gaf mér eyra og Hart í bak

Í kvöld (föstudagskvöld) er 16. sýning á leikriti Brendan Behans, Gísl, sem fallið hefur í einkar góðan jarðveg hjá leikhúsgestum og verið sýnt fyrir fullu húsi til þessa. Þar eru meðal leikenda Gísli Halldórsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Guðbjörg Thoroddsen og Hanna María Karlsdóttir, en alls koma 15 leikarar fram í sýningunni. Sigurður Rúnar Jónsson stjórnar hjómsveit, sem eingöngu er skipuð leikurum sjálfum en leikstjóri er Stefán Baldursson.

Annað kvöld er bandaríska verðlaunaleikritið Guð gaf mér eyra sýnt í Iðná en þar hefur leikur Sigurðar Skúlasonar og Berglindar Stefánsdóttur vakið mikla athygli í vandaðri sýningu undir stjórn Þorsteins Gunnarssonar. Sýningum fer nú senn að fækka á þessu verki.

Annað kvöld er líka miðnætursýning á Forsetaheimsókninni í Austurbærjariói. Um síðustu helgi átti að vera síðasta sýning á verkinu en þar er allt troðfylltist verður aukasýning nú um helgina. Miðasala á miðnætursýninguna er í Austurbærjariói.

Á sunnudagskvöldið er Hart í bak á fjöllumum í Iðná. Það hefur nú verið sýnt yfir 40 sinnum og fer sýningum senn fækkandi. Þar hefur leikur nýliðanna Eddu Heiðrúnar Backman og Kristjáns Franklins Magnús vakið mikla athygli svo og hinna eldri og reyndari: Soffiu Jakobsdóttur, Jóns Sigurbjörnssonar



KARON SKÓLINN

Konur á öllum aldri!

Öðlist sjálfstraust í lífi og starfi

KARON-skólinn leiðbeinir ykkur um:

- andlits- og handsnyrtingu
- hárgreiðslu
- fataval
- mataræði
- hina ýmsu borðsiði og alla almenna framkomu o.fl.

Öll kennsla í höndum færustu sérfræðinga. Allir tímar óþvingaðir og frjálsglegir. Ekkert kynslóðabil fyrirfinnst í KARON-skólanum.

KARON-skólinn kennir ykkur:

- rétta líkamsstöðu
- rétt göngulag
- fallegan fótaborð

6 vikna námskeið hefjast mánudaginn 27. febrúar.

Innritun og upplýsingar frá kl. 14—18 í dag og á morgun.

Ennfremur: 7 vikna modelnámskeið í sérflökki.

Hanna Frímannsdóttir


Sími 38126



Frum-sýning í Hrísey

Í kvöld frumsýnir Leikklúbburinn Krafla í Hrísey leikritið Delerium bíbónis eftir þá bræður Jónas og Jón Múla Arnasyni.

Þetta er sjöunda verkefni Kröflu á átta ára starfsferli. Leikstjóri þessa verks, sem frumsýnt verður í Hrísey í kvöld, er Bjarni Ingvarsson frá Reykjavík.



Tröllaleikir í Iðná

Á sunnudaginn kl. 3 verða Tröllaleikir sýndir í Iðná. Þetta eru fjórir einþátungar; Astar-saga úr fjöllumum, Guðrúnar Helgadóttur, Búkolla, íslenska þjóðsagan og Eggjó og